

## 1. SÖLUHEITI EFNIS, NAFN, HEIMILISFANG OG SÍMI INNFLYTJANDA/SELJANDA

Söluheiti: PT 700 Hreinsir  
Notkun efnis: Rúðuhreinsir.  
Dreifing og sala: ORKA ehf, Stórhöfða 37, Reykjavík, Sími: 586 1900  
www.bilrudur.is  
Framleiðandi: PMA/TOOLS DIVISION, D-47877 Willich, Germany.

Neyðarsími framleiðanda: 0049 2154-9222-30  
Sími neyðarlínu Lögreglu, Sjúkraliðs og Slökkviliðs: 112  
Sími eitrunarmiðstöðvar Landspítala HS: 543 2222

## 2. HÆTTULÝSING:

Varúðarmerkingar:

Fyrir fólk: Sjá lið 11 og 15

Varan er skilgreind hættuleg í tilskipun 1999/45/EC

H11 Mjög eldfimt

H36 Ertir augu

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Getur valdið ofnæmisviðbrögðum

Fyrir umhverfi: Sjá lið 12





Þessi flokkun er gerð samkvæmt lista yfir Hættu- og varnaðarsetningar

Umhverfisstofnunar 2010

## 3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

-Eiginleikar efnis

-Lýsing: Efnablanda, innihaldi lýst hér fyrir neðan ásamt hættulausum íblöndunarefnum.

Hættuleg innihaldsefni:		
EINECS: 200-661-7	Propan-2-ol  Xi, Ertandi;  F: Mjög eldfimt; H11-36-67	50-100%
EINECS: 224-588-5	3-trimehoxysilylpropane-1-thiol  Xn, Hættulegt heilsu;  N: Hættulegt umhverfinu; H21/22-51-53	< 1%

Viðbótarupplýsingar um hættusetningar eru í kafla 16.

#### 4. SKYNDIHLJÁLP:

**Almennt:** Hellið aldrei neinu í munn meðvitundarlausrar manneskju.

**Eftir innöndun:** Fjarlægið viðkomandi af hættusvæði og komið honum undir bert loft. Hafið samband við lækni og lýsið einkennum. Ef viðkomandi er meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarstöðu fyrir flutning að höfðu samráði við lækni.

**Snerting við húð:** Fjarlægið mengaðan, óhreinan fatnað tafarlaust, þvoið rækilega með vatni og sápu. Ef útbrot koma í ljós, hafið samband við lækni.

**Óviðeigandi hreinsiefni:** Leysar og þynnar.

**Snerting við augu:** Fjarlægið snertilinsur. Haldið augnlokum uppi og skolið stöðugt undir rennandi vatni í minnst 10. Mín. Leitið lækniástoðar ef þurfa þykir.

**Inntaka:** Skolið munninn vel með vatni. Reynið ekki að koma af stað uppköstum. Ef einkenni koma fram, leitið lækniástoðar.

#### 5. ELDSVOÐI: VIÐBRÖGÐ

**Slökkviefni – aðferð:** CO<sub>2</sub>, slökkviduft, vatnsúði, alkóhólpolin froða. Kælið hættulegar umbúðir með vatni.

**Notið ekki háþrýstidælar með vatni á eldinn.**

**Sérstök hættu frá efninu eða efnablöndunni:** Við eldsvoða getur eftirfarandi myndast: Karbónoxíð, Eitruð hitasundrandi efni (Toxic pyrolysis products), sprengifimar gufur og lofttegundir, eitraðar gufur sem eru þyngri en loft

**Ef eldurinn breiðist út nálægt jörð, getur eldinum slegið niður aftur á upphafsstað.**

**Til athugunar fyrir slökkvistarf:**

**Varúðarbúnaður:** Andið ekki að ykkur gufum við sprengingu eða eldsvoða. Notið ferskloftsgrímur við eldsvoða eða aðrar viðeigandi öndunargrímur miðað við stærð eldsins. Notið fullan hlífðarfatnað ef þurfa þykir.

**Aðrar upplýsingar:** Fargið menguðu vatni og öðru sem notað er til slökkvistarfs í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

#### 6. EFNALEKI

**Til varnar starfsmönnum:** Tryggið næga loftræstingu. Fjarlægið hluti sem geta orsakað íkveikju, reykingar bannaðar! Forðist að anda að ykkur gufum frá efninu og snertingu við augu eða húð. Getur valdið hálfu við leka á gólf.

**Til varnar umhverfi:** Stíflíð leka. Tilkynnið til viðkomandi yfirvalda ef efnið vætlareða lekur út í grunnvatn eða niðurfall af slysi. Komið í veg fyrir að efnið renni í niðurföll eða út í vatnskerfi.

**Uppsöfnun /þrif:** Notið efni sem binda vökva, t.d. sand, sag, kísilgúr eða vikursalla til að hreinsa efnið upp. Notið ekki hreinsiefni sem innihalda þynni eða leysiefni. Setjið í þétt ílát og fargið í samræmi við 13. kafla.

#### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

**Upplýsingar um örugga meðhöndlun:** Sjá 6. Kafla 1. lið

**Meðhöndlun:** Forðist að anda að ykkur gufum frá efninu. Tryggið góða loftræstingu á vinnustaðnum. Látið loftræstingu og verkfæri sjúga ryk frá vinnusvæðinu ef ástæða þykir til. Geymið fjarri eldfimum efnum og reykið ekki nálægt efninu. Verjið gegn stöðuspennu. Notið sprengipólin verkfæri. Forðist snertingu við augu eða húð. Neytið ekki matar, drykkjar né reykið á vinnusvæðinu. Geymið ekki matvæli á vinnusvæðinu. Lesið leiðbeiningar sem fylgja efninu vel áður en efnið er notað. Vinnuaðferðir skulu vera í samræmi við notkunarleiðbeiningar

**Geymsla:**

**Kröfur til geymslustaðar og íláta:** Geymið ekki á göngum eða í stigahúsum. Geymist vel lokað og aðeins í upphaflegum umbúðum. Geymið ekki með eldfimum efnum eða efnum sem hætt er við sjálfsíkveikju. Verjið gólf gegn leysiefnum.

**Sérstakar kröfur um geymslu:** Sjá kafla 10.

Tryggið góða loftræstingu. Geymið á svölum stað. Geymið fjarri beinu sólarljósi og hita. Athugið sérstakar reglur um geymslu (t.d. í Þýskalandi).

## 8. FORVARNIR – HLÍFÐARFATNAÐUR

**Viðbótarupplýsingar:** Sjá kafla 7.

<b>Innihaldsefni sem þarfnast aðgæslu á vinnustað:</b>	
<b>Propan-2-ol</b>	<b>Innihald:</b> 50-100%
<b>WEL -TWA</b>	Skammtímagildi: 1250 mg/m <sup>3</sup> , 500 ppm Langtímagildi: 999 mg/m <sup>3</sup> , 400 ppm

**Hlífðarfatnaður og hlífðartæki:**

**Almenn varúð og þrif:** Fylgið almennum reglum um hollustuhætti við meðhöndlun efna. Þvoið hendur fyrir matarhlé og við lok vinnu. Geymið ekki nálægt matvælum, drykkjarvörum eða fóðri. Fjarlægið mengaðan og óhreinan fatnað strax. Notið viðeigandi hlífðarfatnað og öryggisskó. Forðist snertingu og notið hlífðargleraugu.

**Til verndar öndunarfærum:** Tryggið góða loftræstingu. Ef loftræsting er slæm notið þá viðeigandi öndunargrímur. Mælt er með öndunargrímum með A filter, (EN 14387).

**Hendur:** Notið hlífðarhanska sé um síendurtekna snertingu við efnið að ræða. Prófið tegund hanska fyrir notkun (t.d. gagnvart efnaþoli og styrk) og fylgið leiðbeiningum framleiðanda um notkun, geymslu, hirðu og endurnýjun. Endurnýið skemmda eða slitna hanska tafarlaust. Hlífðarhanskar úr butyl, neoprene eða efnaþolnir hanskar eru æskilegir. Mælt er með notkun handáburðar til að forðast ofþornun á höndum.

**Augu:** Notið ávallt hlífðargleraugu ef hætta er á að efnið komist í snertingu við augu. Notið öryggisglæraugu sem falla þétt að og hlífa einnig hliðum.



## 9. EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR.

**Almennar upplýsingar:**

<b>Form/litur/lykt:</b>	Vökvi, glær, alkóhóllykt
<b>pH-gildi í óþynntu efni:</b>	Ótilgreint
<b>Bræðslumark:</b>	Ótilgreint
<b>Suðumark:</b>	Ótilgreint
<b>Blossamark:</b>	<21°C (DIN 53213)
<b>Oxíðering:</b>	Nei
<b>Sprengimörk:</b>	
<b>Neðri:</b>	2 Vol% (20°C)
<b>Efri:</b>	12 Vol% (20°C)
<b>Gufuþrýstingur við 20°C:</b>	<110 kPa (1,10 bar)
<b>Efnið er ekki sprengifimt en getur myndað sprengifimar/mjög eldfimar gufur</b>	
<b>Gufuþrýstingur:</b>	< 110 kPa (1,10 bar)
<b>Þéttleiki:</b>	< 1
<b>Leysni í vatni:</b>	Leysist ekki upp
<b>Gufuþéttleiki:</b> (loft = 1)	Gufur þyngri en loft
<b>Seigja:</b>	Ótilgreint

## 10. STÖÐUGLEIKI/HVARFAGIRNI

**Niðurbrot við hita / aðstæður sem ber að varast:** Efnið er stöðugt ef meðferð og geymsla er rétt. Varist hita, opinn eld og efni sem geta valdið íkveikju. Verjið gegn stöðuspennu.

**Hættuleg efnahvörf:** Varist snertingu við sterk oxíðerandi efni, sterk alkalíefni og sterkar sýrur.

**Hættuleg niðurbrotsefni:** Ekkert niðurbrot ef efnið er notað í samræmi við leiðbeiningar.

## 11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

**Bráðaeitrun:**

**Upplýsingar liggja ekki fyrir.**

**Frekari upplýsingar:**

**Ef innöndun efnisins fer yfir hættumörk í skemmri tíma getur það valdið:**

Pírringi í öndunarfærum, hósta, höfuðverk, svima, skemmdum á miðtaugakerfinu, samhæfingarerfiðleikum, meðvitundarleysi.

**Ef innöndun efnisins fer yfir hættumörk í lengri tíma getur það valdið:**

Efnið eyðir húðfitu, húðþurrki, húðútbrotum, húðeyðingu, ofnæmisviðbrögðum.

**Ef efnið er tekið inn getur það valdið:** Ógleði, uppköstum og skemmdum á miðtaugakerfinu.

**12. SKAÐSEMI GAGNVART UMHVERFI**

Varan hefur ekki verið prófuð.

Eituráhrif í umhverfinu:

Hegðun í skóphreinsistöðvum: Látið efnið ekki komast í niðurföll eða ræsi.

Eituráhrif í vatni; Ótilgreint

Vistfræðileg eituráhrif Ótilgreint

Hreyfanleiki í jarðvegi: Ótilgreint

Uppsöfnun í jarðvegi: Ótilgreint

Önnur skaðleg áhrif: Ótilgreint

**13. TIL ATHUGUNAR VIÐ FÖRGUN**

Mælt er með eftirfarandi úrgangskóðum miðað við áætlaða nokun efnisins

Vara:

Má ekki henda með venjulegu heimilissorpi. Látið ekki efnið komast í niðurföll eða ræsi. Stuðlið að endurvinnslu efnisins eða notið t.d viðeigandi brennslustöð. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum stað.

<b>Spilliefnaskrá (European Waste Catalogue)</b>
--

20 01 29 Hreinsiefni sem innihalda hættuleg efni
--

**Óhreinsaðar umbúðir:**

Tæmið umbúðir algjörlega. Ómengaðar umbúðir er hægt að endurvinna. Fargið umbúðum sem ekki er hægt að þrifa á sama hátt og efnið sjálft. Klippið ekki, gatið eða logsjóðið óhreinsaðar umbúðir. Leifar af efninu geta valdið sprengihættu. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

**14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNING – STAÐALL/REGLUR**

Á landi:

ADR/RID flokkur: F1 Eldfimir vökvar

Hættuflokkur (Kemler):

UN: 1263

Pökkunarflokkur: II

Hættumerking: 3

Merking: PAINT RELATED MATERIAL



Á legi:

IMDG flokkur: 3

UN: 1263

**Merking:** 3  
**Pökkunarflokkur:** II  
**EMS númer:** F-E, S-E  
**Merking:** PAINT RELATED MATERIAL



**Í lofti:**

**ICAO/IATA flokkur:** 3  
**UN/ID númer:** 1263  
**Merking:** 3  
**Pökkunarflokkur:** II  
**Merking:** PAINT RELATED MATERIAL

## 15. LÖG OG REGLUGERÐIR SEM VARÐA EFNID.

Efnið hefur verið flokkað og merkt samkvæmt gildandi reglum EU.

### Varúðarmerkingar:



**Xi:** Ertandi;



**F:** Mjög eldfimt

### Hættusetningar:

**H11** Mjög eldfimt  
**H36** Ertir augu  
**H67** Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

### Varnaðarsetningar:

**V2** Geymist þar sem börn ná ekki til  
**V16** Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar  
**V24** Varist snertingu við húð  
**V26** Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis  
**V35** Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt  
**V46** Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar

### Viðbótarupplýsingar:

**Inniheldur Organosilane**

**Getur valdið ofnæmisviðbrögðum  
Reglugerð (EC) No 1907/2006, Viðauki XVII**

**16. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Þessar upplýsingar eru byggðar á núverandi þekkingu okkar. Samt sem áður skal þetta ekki teljast sem ábyrgð á neinum sérstökum eiginleikum vörunnar og skapar engin lagalega bundin samningstengsl.

**Viðeigandi H-setningar:**

- H11** Mjög eldfimt
- H21/22** Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð
- H36** Ertir augu
- H51** Eitrað vatnalífverum
- H53** Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
- H67** Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima